

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðanna Brekkuskógar 9 og 11, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 12. nóvember 2002 breytingu á deiliskipulagi lóðanna Brekkuskógar 9 og 11 í Bessastaðahreppi. Breytingin felur í sér að í stað þess að byggja á lóðunum einbýlishús á tveimur hæðum að hluta verði heimilt að byggja einbýlishús með aukaíbúð á neðri hæð húsanna. Gerð verður krafa um fimm bílastæði á hvorri lóð í stað þriggja.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 28. nóvember 2002.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 699/1996 um innflutning og heildsöludreifingu lyfja.

1. gr.

Við 1. mgr. 34. gr. bætist nýr töluliður:

7) fyrirtækjum, sem hafa leyfi til vélskömmunar lyfja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.